

## Handrit fyrir spunakonurnar þrjár

### Persónur:

- S - Stúlkan, aðalsöguhetjan
- M - Móðir stúlkunnar
- D - Drottningin
- P – Prinsinn
- Spunakonur

### Heima hjá stúlkunni

S: Ég nenni ekki að spinna

M:Skammastu þín! Ekki vera svona löt

D: Hvað gengur á?

M: segir: ég er að skamma dóttur mína vegna þess að hún er alltof dugleg og núna á ég ekkert meira efni til að spinna úr

M hugsar: Drottningin má ekki vita hvað dóttir mín er löt

D hugsar:Aha. Þarna er gott konuefni fyrir son minn, svona dugleg spunakona.

D segir:Komdu með mér í höllina. Ég á nóg til að spinna úr

### Í höllinni


D: segir: Hér er fullt herbergi af hör. Ég kem á morgun og sé hvernig þér gengur að spinna.

S segir: já, já, ekkert mál að klára þetta!

S hugsar: En ég kann ekkert að spinna

S hugsar: Hvaða þrjár konur er þarna fyrir utan?

S segir: Halló, viljið þið hjálpa mér?



Ein var með stóran fót, ein með stóra neðrivör, ein með stóran þuma.

Spunakonur segja: Já, skulum hjálpa til en þá verður þú líka að bjóða okkur í brúðkaupið þitt.

Ein knúði spunahjólið með fótunum, önnur bleytti þráðinn með munnvatni og þriðja pressaði og barði hörinn með hendinni



## Næsti dagur

S: Þetta hafðist allt hjá mér, ég er búin að spinna

D: Flott hjá þér, nú höldum við brúðkaup

S: Ég á þrjár gamlar frænkur sem ég vil endilega hafa í brúðkaupinu

D: allt í fína



## Brúðkaupið

S: Velkomnar kæru frænkur

P: hugsar: hrikalega ljótar og afskræmdar konur

P: Heyrðu, Af hverju eru frænkur þínar svona ljótar og afskræmdar í útliti

S: Eru þær ljótar? Ég tek ekkert eftir því, þær eru svo duglegar, alltaf að strita, þær eru sívinnandi og síspinnandi, þær hamast við að spinna alla daga.



Þessi með stóra fótinn er svona af því hún knýr spunahjólið með fætinum, þessi með stóru neðrivörina er svona af því hún togar spunaþræðinn með vörunum og þessi með stóru hendina er svona af því pressar og ber hörinn með hendinni.

P: Hugsar með hryllingi til framtíðar  
Segir: Elskan mín, þú skalt ALDREI spinna framár.

